
DV Um helgina



Baltasar stendur hér við Hrímfaxa sem er annað tveggja málverka sem hann málaði fyrir Juan Carlos Spánarkonung. DV-mynd Hanna

Hef verið að glíma við Eddukvæðin í þrjú ár

– segir Baltasar sem opnaði sýningu á verkum sínum í Hafnarborg

Hinn kunni listmálari, Baltasar, opnaði í gær sýningu á verkum sínum í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Þrjú ár eru síðan hann hélt síðast einkasýningu hér á landi. Á þessari sýningu hans eru öll málverkin unnin upp úr Eddukvæðum og eru tvö þeirra sérstaklega máluð fyrir Spánarkonung, Juan Carlos, og eiginkonu hans, Soffíu. Konungurinn bað Baltasar að mála tvö verk fyrir einkasafn sitt þegar hann var í heimsókn hér á landi. DV hitti Baltasar að máli þar sem hann var að koma myndum sínum fyrir og fékk hann í smáspjall um Eddukvæði, list hans og Spánarkonung:

„Ég hef verið að glíma við Eddukvæðin síðustu þrjú til fjögur árin og var hluti af þessari sýningu sýndur í Boston fyrir stuttu. Áhugi minn á Eddukvæðum er mjög mikill og hafa djúpa persónulega þýðingu fyrir mig en þar sem ég er útlendingur var mjög erfitt fyrir mig að lesa ljóðin eingöngu á íslensku og hef ég auk íslenskunnar lesið þau á ensku, þýsku, spönsku og frönsku til að ná þeirri meiningu kvæðanna sem ég sætti mig við.

Það var fyrir mig að mála myndir upp úr Eddukvæðum eins og að vinna myndir trúarlegs eðlis. Í stað Biblíunnar hellti ég mér yfir Eddukvæðin. Með því að lesa kvæðin nákvæmlega vakti fyrir mér að gera meira en að teikna Eddukvæðin beint, ég vildi mála þau eftir mínum tilfinningum og um leið færa þau til nútímans."

– Finnst þér þú vera búinn að ljúka þér af gagnvart Eddukvæðum?

„Nei, í hvert skiptið sem ég les Eddukvæðin endurtekur þetta sig allt saman aftur. Þetta er svo mikið verkefni að það er hægt að halda endalaust áfram. Ég er alltaf að fá nýjar og nýjar hugmyndir."

– Tvö verkanna á sýningunni eru ætluð Spánarkonungi. Hvernig kom það til?

„Það var þannig að þegar hann var ásamt drottningu sinni í heimsókn hér á landi hafði hann haft fregnir af mér og spurðist fyrir um hvernig málari ég væri og meðmælin, sem hann fékk, hljóta að hafa verið góð því í kjölfarið pantaði hann tvær myndir í einkasafn sitt, aðra handa sér og aðra handa drottningu sinni, Soffíu, og bað um málverk sem mundi hæfa þeim.

Hann hafði orð á því að drottningin væri mjög hrifin af Snæfellsjökli og þeirri mystík sem umlykur jökulinn og þegar hann frétti að ég hefði málað myndir af hestum vildi hann endilega hafa hest á sinni mynd. Til að þessi málverk væru í samræmi við það sem ég er að gera og að þau skæru sig ekki frá þeirri heild sem þessi sýning mín er tengdi ég þau Eddukvæðum og heita þau Hrímfaxi og Huginn og Muninn yfir Snæfellsjökli. Ég mun síðan senda honum með myndunum Eddukvæðin á íslensku og spönsku og gera honum grein fyrir hvað málverkin tákna.

Ég hef unnið að þessari sýningu allt frá því ég hélt síðast einkasýningu hér á landi en hún var á Kjarvalsstöðum í tilefni fimmtugsafmælis míns fyrir þremur árum. Auk þess hef ég unnið að gerð freska í Flateyjarkirkju sem ég lauk við í fyrra." -HK

Kjarvalsstaðir:

Yoko Ono og Fluxux hreyfingin

Næstkomandi laugardag verða opnaðar tvær sýningar á Kjarvalsstöðum. Fyrst ber að telja sýningu á verkum eftir japönsku listakonuna Yoko Ono í vestursal og forsölum Kjarvalsstaða og ber sýningin yfirskriftina Piece! Friður! Í austursal verður um leið opnuð yfirlitssýning á Fluxus hreyfingunni, en Yoko tilheyrir einmitt þeirri hreyfingu.

Yoko Ono er eins og allir vita ekkja Johns Lennon. Þau kynntust einmitt á myndlistarsýningu sem hún hélt í London. Þótt Yoko sé vissulega þekktust fyrir kynni sín og samveru við John Lennon þá hefur hún alltaf unnið eitthvað að list sinni ásamt því að láta hin ýmsu mannúðarmál til sín taka.

Auk myndlistarinnar hefur Yoko einnig samið tónlist og leikstýrt kvikmyndum. Myndverk hennar tilheyra popplist sjöunda áratugarins og eins og áður sagði Fluxus hreyfingunni. Verkin eftir Yoko Ono sem sýnd verða á Kjarvalsstöðum, spanna feril hennar frá 1962–1990.

Í tilefni sýningarinnar mun Yoko Ono koma til landsins og verða viðstödd opnunina á laugardaginn. Auk myndlistarsýningar á verkum hennar verða sýndar kvikmyndir sem hún leikstýrði og voru gerðar á árunum milli 1960 og 1970. Er þetta í fyrsta skipti sem þær eru sýndar hér á landi.

Verkin sem eru á yfirlitssýningu Fluxus hreyfingarinnar eru meðal annars eftir Joseph Beuys, George Brecht, Christo, Robert Filliou, Geoffrey Hendricks, Georg Maciunas, Alison Knowles og Nam June Paik.

-HK



Yoko Ono verður viðstödd opnunina á Kjarvalsstöðum á laugardaginn.



Fjórir leikarar leika í Ráherrann klipptur. Þeir eru talið frá vinstri: Erlingur Gíslason, Erla Rut Harðardóttir, Baltasar Kormákur og Bríet Héðinsdóttir.

Þjóðleikhúsið:

Ráðherrann klipptur

Um þessar mundir sýnir Þjóðleikhúsið á Litla sviðinu danska gamanleikinn, Ráðherrann klipptur, eftir Ernst Bruun Olsen. Verkið skrifaði hann 1982 og gerist það í hljóðstofu útvarpsstöðvar þar sem menntamálaráðherra hefur tekið að sér að setja saman klukkustundarlanga dagskrá með ýmsu efni. Hann ætlar að upphefja sjálfan sig með því að spjalla við unga menntakonu og er honum alveg ósárt um þótt hann baki óreyndan viðmælanda sinn í leiðinni. Margt fer þó öðruvísi en ætlað er.

Ráðherrann klipptur hefur fengið góða dóma enda er hér um smellinn ádeilugamanleik að ræða sem gengur bærilega upp. Leikendur eru aðeins fjórir, ráðherrann sem Erlingur Gíslason leikur, menntakonan unga, sem Erla Rut Harðardóttir leikur, upptökustjórinn, sem leikinn er af Bríeti Héðinsdóttur, og hljóðmaðurinn sem Baltasar Kormákur leikur. Leikstjóri er Sigrún Valbergsdóttir. Næsta sýning á Ráherrann klipptur er annað kvöld.

-HK